

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 2000.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1999 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2000. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2000 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 11,0% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr. er honum bar að greiða á árinu 1999. Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur, sérstakur eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 2000 en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald, eignarskatt, sérstakan eignarskatt og sérstakan tekjuskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2000 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnýslustigi.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli áranna 1998 og 1999 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1998. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa einstaklinga í þjónustu sinni og greiða þeim laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2000 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Rangárvallahreppi árið 2000.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2000, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli miðað við 1 poka á viku	7.764
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	3.882
c) Sumarhús	2.588
d) Fyrirtæki miðað við 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	7.764
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að sorphaugum)	29.053
(annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað)	

Gjald dagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 11. nóvember 1999 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2000. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti framangreinda gjaldskrá þann 30. nóvember 1999.

Hellu, 29. desember 1999.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.